

FERÐIR

LAUGARDAGUR 27. OKTÓBER 2012

Kynningarblað

Boston, skíðaferðir,
Gangnam-hverfið og
vinsælustu
áfangastaðirnir.



Niður brekku og hoppsa bomm!

Skíðaferðir út fyrir landsteinana eru í miklu dálæti hjá Rögnu Fossberg, sminku á RÚV, enda líf og fjör í bland við dásamlega slökun og frábæran félagsskap. Ragna er annars mikið á ferð og flugi og fór nýlega til New York með regnkápur úr Hagkaup fyrir ástralska stórleikarann Russell Crowe.

Skíðaferðir eru geggjað gaman, fegurðin guddómleg og stemningin ólýsanleg. Maður verður því háður því að fara aftur og aftur,“ segir Ragna Fossberg sem hefur tólf sinnum farið utan á skíði til samtals sex skíðastaða í Austurríki og á Ítalíu. „Ævintýraþráin dró mig til skíðastaðarins Sell am Zee í austurrísku Ölpunum 1968. Þá var fáheyrt að Íslendingar drifu sig utan á skíði og þurfti ég að fara með danskri ferðaskrifstofu til að komast á áfangastað,“ segir Ragna um fyrsta skíðaferðalag sitt utan landsteina.

„Ég var tólf ára þegar ég steig fyrst á skíði við Skíðaskálann í Hveradölum en þar var þá eina skíðasvæðið í nágrenni Reykjavíkur og samanstóð af stuttri toglyftu í lítilli brekku,“ útskýrir Ragna sem smitaðist ekki af skíðabakteríunni fyrr en í Alpfjöllum. „Í dag á ég enn gamaldags skíði hér heima og leigi því skíði úti. Á skíðaleigunum fær maður alltaf það nýjasta og besta og því óparfi að eiga rándýran skíðaútbúnað fyrir eina viku á ári.“

Gaman allan daginn

Ragna segir skíðaferðir langbestu fríin. „Mér leiðist ef ekki er dálítill

hasar og fjör í kringum mig og hef því ekki eirð í mér til að liggja aðgerðarlaus á sólarströnd. Skíðaferðir samanstanda af hreyfingu, útivist og skemmtun og ekki sakar að vera í góðra vina hópi.“

Á skíðasvæðunum er Ragna mætt með skíðin út í brekku snemma á morgnana og skíðar þar til lyfturnar stoppa síðdegis.

„Allur dagurinn er notaður til skemmtunar og gengið til náða fyrir miðnætti. Í brekkunum er boðið upp á margvíslega afþreyingu og við pössum upp á að hafa það verulega huggulegt með viðkomu á spennandi áningarstöðum á milli þess sem við skíðum,“ segir Ragna.

Að lokinni skíðamennsku taka við notalegheit, hvíld og dekur.

„Þá slökum við á í gufubaði og dubbum okkur upp úr skíðagallanum til að fara saman í góðan kvöldverð. Í dagslok eru því allir endurnærðir á sál og líkama.“

Strandaglópar á jökli

Ragna hefur sex sinnum heimsótt skíðastaðinn Selva í ítölsku Dólómítafjöllunum.

„Selva er í uppáhaldi því veður-sæld er mikil og svæðið einstaklega víðfeðmt og fagurt. Þar er líka öruggasti snjórinn og heimamenn

duglegir að bæta við í brekkurnar ef snjóar ekki nóg.“

Hún segir náttúrufegurð Dólómítafjalla stórbrötna og mikið um tignarlega, háa kletta.

„Einn þeirra ber svip af Heimakletti og er kallaður það af íslenska skíðafólkinu. Í kringum hann liggur Sella Ronda-hringurinn sem er 50 kílómetra skíðaleið og þaðan hægt að fara í alla dali,“ segir Ragna sem eitt sinn brá sér útúrdúr úr hringnum.

„Þá tókum við þyrllu upp á jökul í meira en 4.000 metra hæð og áttum eftir að skíða yfir heilan fjallgarð þegar lyfturnar lokuðu. Því var ekki um annað að ræða en að panta leigubíl heim. Við höfum líka villst af leið enda þarf oft að draga upp landakort í brekkunum til að vita hvert skal fara.“

Alskiðandi á fjórum dögum

Skíðahópur Rögnu fæddist í kvennaferð til Selva 2004. Fasti hópurinn samanstendur af sex manns en hefur farið upp í sextán.

„Hákon Hákonarson var eini karlinn í fyrstu ferðinni og hafði þá aldrei stigið á skíði. Hann var því settur í skíðaskóla eins og lítill skólapiltur að morgni og sóttur eftir hádegi. Á fjórða degi var hann alkunnandi á skíðum og brunaði

niður allar brekkur með okkur,“ segir Ragna til sönnunar þess að allir geti lært á skíði.

„Í dag þykir Hákon skemmtilegast að sigráskyggilegustu brekkurnar og þarf að bíða eftir okkur hinum. Við lendum oft í svo snarbröttum brekkum að kjarkurinn gefur sig. Þá tekur fólk af sér skíðin og rennir sér niður á rassinum. Flestir í hópnum geta reyndar reddað sér skammlaust niður en stíllinn verður mistilkumumikill þegar brekkurnar halla næstum lóðrétt.“

Á skíðum skemmtir hún sér

Í vetur stendur til að fara í dalina Þrjá í Austurríki og Ragna segist forvitin að prófa nýjan stað.

„Sjarmi skíðaferða felst í veðrinu, brekkunum og náttúrunni. Það er engu líkt að skíða í vetrarríki þar sem stórskornir klettar og sígrænn gróður brjóta upp landslagið og heillandi að geta skíðað í vikutíma án þess að vera aftur í sömu brekkunni,“ útskýrir Ragna.

Hún segir draumastundir eiga sér stað þegar hún lendir í góðri brekku.

„Þá syngur alltaf í höfði mínu dægurflugan Hoppsa bomm (Á skíðum skemmti ég mér) og ég skíða hlējandi og hamingjusöm niður. Maður leikur sér nefnilega eins og

barn allan daginn í skíðaferð og það er yndisleg upplifun.“

Árið 1992 var Ragna stödd á skíðum í Val de Fassa á Ítalíu þegar bandarísk herpota flaug á stóran kláf og fjöldi manna fórst.

„Þann dag var óttast um afdrif okkar hér heima og áfallið mikið. Það setti þó ekki að mér beyg að fara aftur í kláfana en lofthræddum er mikil raun að fara í svo svimandi hæð til að byrja með og ein í hópnum lokaði alltaf augunum fyrstu tvö árin.“

Regnkápur fyrir Russel Crowe

Ragna er nýkomin heim frá New York þar sem hún átti skemmtilegt erindi.

„Ég starfaði við kvikmyndina Noah í sumar og kynntist þar leikaranum Russell Crowe. Hann heillaðist af sænskum regnkápum sem fást í Hagkaup svo ég var fengin til að kaupa handa honum ein fjögur stykki og koma með á tökustað í New York,“ segir Ragna sem í leiðinni fékk að skoða settið þar sem verið er að taka úti- og innisenur við risavaxna örkina hans Nóa.

„Russell er afar hress náungi og mikill tröllasjarmi. Í New York var hann með sams konar tónleika og hér heima utan hvað Sting steig með honum á svið.“

Vinsælustu áfangastaðirnir

TripAdvisor hefur tekið saman 25 vinsæla áfangastaði sem ferðamenn hafa valið fyrir árið 2012. Í fyrstu sætunum eru frægustu borgir heimsins og er London þar í fyrsta sæti en New York í öðru. Ísland er ekki á þessum lista. Allt eru þetta afar áhugaverðir staðir til að heimsækja og margt að sjá. Einhverjir geta væntanlega merkt við hvaða staði þeir hafa nú þegar heimsótt og hvað er eftir á listanum.

1. London, England
2. New York, Bandaríkin
3. Róm, Ítalía
4. París, Frakkland
5. San Francisco, BNA
6. Marrakech, Marókkó
7. Ístanbúl, Tyrkland
8. Barcelona, Spánn
9. Siem Reap, Kambódía
10. Berlín, Þýskaland
11. Chicago, Bandaríkin
12. Flórens, Ítalía
13. Buenos Aires, Argentína
14. Sydney, Ástralía
15. Peking, Kína
16. Prag, Tékkland
17. Las Vegas, Bandaríkin
18. Bora Bora, Kyrrahaf
19. Sjanghæ, Kína
20. Honolulú, Havai
21. Los Angeles, Bandaríkin
22. New Orleans, BNA
23. Höfðaborg, S-Afrika
24. Chiang Mai, Tailand
25. Dublin, Írland



NÁNAR Á UU.IS



„Stórkostlegt 15 daga ævintýri á framandi slóðum!“

★★★★★

13. APRÍL - 1. MAÍ 2013

DUBAI OG SUEZ CANAL SERENADE OF THE SEAS

Úrval Útsýn kynnir ógleymanlegt ævintýri með Serenade of the Seas frá Royal Caribbean skipafélaginu. 15 dagar af einstakri náttúrufegurð, sögu og menningu. Heimsóttir verða framandi áfangastaðir með spennandi skoðunarferðum. Þér gefst m.a. tækifæri á að fara í eyðimerkursafarí í Dubai, skoða Luxor og Konungadalinn í Egyptalandi, kafa í Rauðahafinu og lifa í vellystingum á glæsilegu skemmtiferðaskipi þar sem allt er til alls!

Verð á mann

Frá: **477.800,-**

á mann m.v. 2 fullorðna í innriklefa.

ÚRVAL-ÚTSÝN



Boston hefur mikið aðdráttarafl. Kvikmyndagerðarmenn hafa til dæmis heillast af borginni og margar sjónvarps- og bíómyndir hafa verið teknar þar.

Borg sem laðar að ferðamenn

Boston er uppáhaldsborg fjölda Íslendinga. Þar hafa margir stundað nám í gegnum árin, enda háskólaborg sem státar af einum frægasta skóla heims, Harvard. Boston er einnig vinsæl verslunarborg, enda þægileg.

Boston var upphaflega byggð upp af Bretum og þess vegna finnst sumum hún vera evrópskari en aðrar borgir í Bandaríkjunum. Boston þykir hentug borg til að fara í verslunarleiðangur. Verslanir eru í fallegum miðbæ þar sem gönguleiðir eru þægilegar. Sömuleiðis er stutt að fara í stórverslanir og vöruhús. Boston er þó fyrst og fremst stórborg þar sem iðandi mannlíf er dag sem nótt. Þeir sem koma til Boston í fyrsta skipti ættu að fara í skoðunarferð um borgina með leiðsögumanni, en boðið er upp á slíkar ferðir frá miðbænum. Sumar rúturnar eru sömuleiðis bátar og fara því bæði í

ökuferð og siglingu með fjörugum bílstjórum. Margt er að sjá og upplifa. Þá er gott að kynna sér hvað er um að vera þá daga sem staldrað er við í borginni því oft eru áhuga-verðir tónleikar í boði. Hægt er að skoða viðburði á síðunni Boston.com.

Mörg góð veitingahús eru í Boston og þau er hægt að kynna sér á netinu. Á betri veitingahúsum er ráðlegt að panta borð fyrir fram. Það tekur þrjár og hálfa klukkustund að ferðast með hraðlest til New York frá Boston og því vel hægt að sameina heimsókn í þessar tvær borgir í einni ferð. Ef tekin er venjuleg lest getur tíminn þó farið upp í

fjórar til fimm klukkustundir. Leiðin á milli þessara borga er ákaflega falleg, Nýja-England og síðan Connecticut, en velmegun hefur alltaf verið á þessu svæði. Fyrir þá sem gefa sér góðan tíma er ekki úr vegi að leigja bíl og aka um svæðið.

Margar þekktar sjónvarpsseríur hafa verið teknar upp í Boston og má þar frægasta nefna Cheers en barinn sem notaður var í þáttunum er til í Boston undir nafninu Bull & Finch Pub. Nokkrir aðrir frægir sjónvarpsþættir sem gerast í Boston eru meðal annars Ally McBeal, Boston Legal, Boston Public, Dawson's Creek og The Practice.

Gangnam er hverfi í Seúl

Flestir ættu nú að vera farnir að kannast við lagið Gangnam Style sem suðurkóreski rapparinn PSY gaf út í sumar. Þann 23. október síðastliðinn hafði verið horft 530 milljón sinnum á myndbandið á YouTube vefnum.

Færri vita hins vegar að Gangnam er borgarluti í Seúl. Bein þýðing orðsins er „sunnan við ána“ og vísar til þess hluta borgarinnar sem er sunnan við ána Han. Einkum er talað um Gangnam sem ákveðið hverfi innan borgarhlutans. Fyrir nokkrum áratugum var ekki mikið annað en hrísgrjónakrar og stöku hof á þessu svæði en nú er hverfinu líkt við Beverly Hills í Kaliforníu. Íbúar hverfisins þykja hipp og kúl og eru með puttann á púlsinum þegar kemur að tísku, tónlist og stíl. Uppbygging hverfisins var mikil á árunum fyrir Ólympíuleikana í Seúl árið 1988 og hefur það allar götur síðan verið tengt háu fasteignaverði, dýrum verslunum og partístemningu.

Í Gangnam eru engar konunglegar hallir eða gömul virki eins og norðurhluti Seúl státar af. Þó er borgarhlutinn ekki alveg gjör-



Háhyði í Gangnam í Seúl. Gangnam er sunnan við ána Han.

NORDIC PHOTO/GETTY

sneyddur hefð. Hofið Bongeunsa er eitt það glæsilegasta í borginni og tveir kóreskir kóngar og ein drottning eru grafin í Seonjeongneung-garði sem er í Gangnam. Aðdráttarafl Gangnam er hins vegar aðallega fólgið í skemmtigarðinum Lotte-heimi, gríðarstóru Ólympíuþorpinu og Samsung D'Light-garðinum.

Hugtakið Gangnam Style, eða

Gangnam-stíll, var útskýrt í vikulegum lista tímaritsins Time's yfir ný hugtök sem „hegðun tengd íburðarmiklum lífsstíl íbúa Gangnam-hverfisins í Seúl“. Rapparinn PSY lýsti því yfir í viðtali að það væri ákveðin kímni í því að hann segðist í laginu vera „Gangnam Style“ þegar svo augljóst er að hann er mjög langt frá því að vera það sem felst í hugtakinu.

VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

Ítölsku Alparnir

Morgunflug með Icelandair til Verona

Ljósmyndari: Randy Lincks

Madonna di Campiglio



Hótel St. Hubertus 2. - 9. feb. ★★ ★

Einn vinsælasti skíðastaður Ítalíu. Þægilegar brekkur sem henta öllum!

Verð frá 145.900 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel St. Hubertus sem er þriggja stjörnu hótél á besta stað í Madonna.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 155.900 kr.



Fararstjórn: Einar, Anna, Evert og Örn

Flugáætlun:

19. og 26. jan.
2., 9., 16. og
23. feb.

Paganella



Hótel Select 19. - 26. jan. ★★ ★

Paganella skíðasvæðið er m.a. þekkt fyrir að bæði norska og bandaríska landsliðið hafa æft þar. Svæðið tilheyrir Dólómítafjöllum og þar eru 50 km af skíðabrautum.

Verð frá 133.200 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel Select, nýuppgerðu hóteli á góðum stað í Paganella.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 143.200 kr.

Nýtt hjá VITA

Val di Fiemme



Hótel Shandrani 19. - 26. jan. ★★ ★ ★

Val di Fiemme – Skíðasvæði með löngum, flottum brekkum sem kemur þér skemmtilega á óvart.

Verð frá 153.100 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel Shandrani, sem er glæsilegt fjögurra stjörnu hótél með öllum þægindum.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting, hálf fæði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 163.100 kr.

Selva, Val Gardena



Hótel Des Alpes 9. - 16. feb. ★★ ★

Selva, Val Gardena – Stærsta skíðasvæði í Evrópu. Náttúrufegurð, nægur snjór og brekkur fyrir alla. Það er Selva!

Verð frá 182.600 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

á mann í tvíbýli á Hótel des Alpes, sem er þriggja stjörnu hótél við aðalgötuna í Selva.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 192.600 kr.

ÍSLENSKA SÍAS/VIT 61406 10/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP



VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið



DÝRT AÐ MISSA AF TENGIFLUGI

Þegar ferðalag er bókað gegnum netsíður og ekki er hægt að komast á áfangastað nema með tengiflugi þarf að gera ráð fyrir því að seinkun geti orðið á fyrra fluginu. Ef bókað er með of knöppum tíma milli fluga svo ferðalangurinn missir af tengifluginu eru góð ráð dýr. Sjaldnast á ferðalangurinn kröfu á öðru fari frá flugfélaginu og neyðist til að kaupa nýjan miða, sem getur kostað sitt.

Á vefnum Turisti.is kemur fram að hjá Icelandair og SAS er hægt að kaupa farseðla sem gilda einnig fyrir framhaldsflug svo félagið sem seldi miðann er skyldugt til að koma fólki á áfangastað. Þar segir einnig að hjá Wow air sé ekki boðið upp á þá þjónustu að framhaldsflugið sé hluti af sama farseðli. Á heimasíðu sé farþegum bent á að hafa minnst þrjá tíma milli komu fyrra flugs og brottfarar þess síðara.

Þá hefur Turisti.is tekið saman stundvísitölur flugfélaga á Keflavíkurflugvelli síðan í júní 2011 og má nálgast þær á vefnum www.turisti.is.



Ferðafélag barnanna Allir út stendur fyrir vetrarferð í Þórsmörk.

VETRARFERÐ MEÐ JÓLAÞEMA Í ÞÓRSMÖRK

Vetrarferð með jólaþema fyrir börn og foreldra verður farin í Þórsmörk þann 16. nóvember á vegum Ferðafélags barnanna Allir út. Í ferðinni verður meðal annars safnað efniviði úti í náttúrunni í jólaföndur, haldin kvöldvaka og sungin jólalög. Þá verða rifjaðar upp hrekkjasögur af jólasveinum, farið í stjörnuskoðun og leiki. Gist verður í tvær nætur og þátttakendur þurfa að hafa með sér svefnpoka, nesti og hlýjan fatnað.

Ferðafélag barnanna er á vegum Ferðafélags Íslands og var stofnað árið 2009 með það að markmiði að hvetja börn og foreldra til útiveru og samveru í náttúrunni. Nánari upplýsingar um félagið og vetrarferðina er að finna á heimasíðunni www.allirut.is.



SIGLT MEÐ KISS

Eftir nokkra daga leggur rokkhljómsveitin KISS, ásamt hópi aðdáenda sinna, upp í aðra skemmtisiglingu sína undir nafninu KISS KRUISE II. Lagt verður úr höfn frá Flórída í Bandaríkjunum og siglt til Bahama-eyja. Ferðin tekur fimm daga og siglt er með skemmtiferðaskipinu Norwegian Pearl. Gestir geta skilið lakkskóna og síðkjóla eftir heima – hér verður boðið upp á rokk og ról að hætti gömlu meistaranna. Miðinn kostar frá um 100.000 krónum til hálfrar milljónar á mann og það er ekkert slor sem er innifalið í fargjaldinu. KISS heldur tvenna tónleika í ferðinni, eina hefðbundna rokk-tónleika innanhúss og aðra órafmagnaða utanhúss. Allir farþegar fá mynd af sér með hljómsveitinni auk þess sem meðlimir sveitarinnar svara spurningum gesta úr sal. Fjöldi annarra viðburða er í boði í þessari fimm daga rokkveislu. Gestir eru hvattir til að mæta með andlitsmálningu (en ekki hvað), búninga og sólarvörn, allt sem skiptir máli í sólríkri rokksiglingu með gömlu goðunum. Ef dauður tími finnst í ferðalaginu geta gestir valið úr sextán veitingastöðum, keilusal, þrettán börum, tveimur sundlaugum, líkamsræktarstöð og spilavíti. Uppselt er í ferðina en áhugasamir geta fylgst með næstu ferð á www.thekisskruise.com.



flugrútan

**Reykjavík
Excursions**
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALÐAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrúttunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.

Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu stríkamerkið með snjallsímanum þínum

